

# Stefna bókasafns Menntavísindasviðs 2017-21

## Hlutverk

Bókasafn Menntavísindasviðs veitir nemendum og starfsfólki Háskólans aðgang að upplýsingum og þjónustu vegna náms, kennslu og rannsókna og er jafnframt öðrum opið sem sérfræðisafn. Safnið hefur forystu um miðlun þekkingar á sviði menntavísinda og þeirra faggreina sem kenndar eru á sviðinu.

## Grunngildi

Þjónusta

Þekkingarmiðlun

Fagmennska

Frumkvæði

## Framtíðarsýn

Bókasafnið styðji starf, nýsköpun og þróun Menntavísindasviðs í þágu náms og rannsókna og verði öflug þekkingarmiðstöð þar sem fræðimenn og nemendur sækja upplýsingar og innblástur. Safnið bjóði upp á fyrsta flokks upplýsingaþjónustu, fræðslu og vinnuaðstöðu sem stuðli að bættum námsárangri og auknum gæðum rannsókna og leggi þar með sitt af mörkum til að Háskóli Íslands nái markmiðum sínum.

## STUÐNINGUR VIÐ NÁM OG KENNSLU

Bókasafnið ýti undir bættan námsárangur með því að liðsinna nemendum til að nýta þá þekkingu sem stendur til boða. Safnið ýti undir jákvæða námsupplifun og búi nemendur undir áframhaldandi nám og símenntun á eigin spýtur. Tryggð verði sambærileg þjónusta fyrir alla.

Markmið	Aðgerðir
Góð upplýsingaþjónusta	<ul style="list-style-type: none"><li>• Upplýsingaþjónusta þróuð með þarfir notenda, hverju sinni, að leiðarljósi</li></ul>
Áhersla á notendafræðslu	<ul style="list-style-type: none"><li>• Séð til þess að allir nemendur fái þjálfun í heimildaleit og notkun gagnasafna og að kennsla í upplýsingalæsi verði sjálfsagður þáttur í námi þeirra</li><li>• Boðið upp á kennslu í notkun heimildaskráningarforrita</li><li>• Leiðbeiningar og fræðsla á vef safnsins verði bætt</li></ul>
Jafn aðgangur að upplýsingum og þjónustu	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hlutur rafræns efnis og leiðbeininga aukinn til hagsbóta fyrir þá sem ekki geta komið á safnið</li></ul>

Aðlaðandi og hvetjandi umhverfi til náms og rannsókna	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla lögð á notalegt og eftirsótt námsumhverfi þar sem sækja má upplýsingar og innblástur</li> <li>Að bjóða upp á fjölbreytta vinnuáðstöðu sem henti mismunandi þörfum viðskiptavina</li> </ul>
Koma betur til móts við óskir og þarfir notenda	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þjónustukannanir verði lagðar reglulega fyrir notendur</li> </ul>

## STUÐNINGUR VIÐ RANNSÓKNIR OG STYRKINGU RANNSÓKNARINNVÍÐA

Uppbygging bókasafns í þágu öflugs rannsóknarnáms, vísindastarfs og nýsköpunar.

Markmið	Aðgerðir
Koma til móts við stefnu HÍ um opinn aðgang að ritrýndu efni og rannsóknarniðurstöðum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Frágangur fræðilegra greina í Opnum vísindum</li> <li>Byggja upp upplýsingaþjónustu vegna birtinga í opnum aðgangi</li> </ul>
Auka sýnileika rannsókna	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skráning og lyklun ritsmíða kennara og sérfræðinga með það fyrir augum að gera niðurstöður rannsókna aðgengilegar og sýnilegri, og auka þar með áhrif þeirra</li> </ul>
Fræðsla og kynningar í tengslum við birtingar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Miðlun þekkingar um birtingar í opnum aðgangi, áhrifastuðla, Opin vísindi og ORCID</li> <li>Kennsla í notkun heimildaskráningarforrita</li> <li>Aðstoð við heimildaleit</li> </ul>

## AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM

Aðgengilegur safnkostur sem er í takt við starfsemi Menntavísindasviðs hverju sinni og styðji við nám, kennslu og rannsóknir.

Markmið	Aðgerðir
Uppbygging safnkosts sem styður við nám, kennslu og rannsóknir	<ul style="list-style-type: none"> <li>Safnkostur yfirfarinn og skoðað hvar þarf að bæta við</li> <li>Tímaritakosturinn yfirfarinn og skoðað hvað ekki er ástæða til að kaupa lengur og hvar vantar efni</li> <li>Kaup á prentuðum bókum víki smám saman fyrir rafrænu formi eftir því sem verð og skilmálar leyfa</li> </ul>
Vönduð lyklun og skráning til að auðvelda endurheimt upplýsinga	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efnisorð og hugtök sem notuð eru í menntunarfræðum í Gegni, verði yfirfarin og samræmd</li> <li>Frumkvæði að vali á efnisorðum fyrir ný hugtök í menntavísindum í samráði við sérfræðinga sviðsins</li> <li>Séð verði til þess að útgefið efni í þeim fræðigreinum sem kenndar eru á sviðinu, verði skráð og aðgengilegt</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skráning og lykjun á margvíslegu rafrænu efni sem er opið á vef og væri til hagsbóta fyrir notendur safnsins</li> </ul>
Langtímaráðveisla	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tryggt verði að safnið eigi eintak af efni sem tengist íslenskum menntamálum og skólasögu</li> </ul>

## SAMSTARF OG SAMVINNA

Áhersla á samvinnu og samstarf.

Markmið	Aðgerðir
Efla samstarf innan Háskóla Íslands	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aukið samstarf við Vísinda- og tæknisvið um útgáfur og birtingar á verkum starfsmanna, í opnum aðgangi</li> <li>• Aukið samstarf við miðstöð framhaldsnáms um kynningar til framhaldsnema</li> </ul>
Efla samstarf innan Menntavísindasviðs	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aukið samstarf við kennara og starfsmenn ritvers um vandaða safnkennslu og notendafræðslu</li> <li>• Rannsakendur verði hvattir til að nýta sér nálægð við safnið og þjónustu, einkum í sambandi við heimildaleitir, heimildaskráningu og útgáfu greina</li> </ul>
Efla samstarf við háskólabókasöfn	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aukið samstarf við önnur háskólabókasöfn, einkum þau sem þjóna Háskóla Íslands (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Heilbrigðisvísindabókasafn)</li> <li>• Aukið samstarf um kaup á rafrænu efni</li> </ul>
Efla erlent samstarf	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Aukið verði samstarf við norræn háskólabókasöfn t.d. í gegnum NUAS</li> <li>• Hvatt verði til starfsmannaskipta</li> </ul>

## MANNAUÐUR

Bókasafnið verði eftirsóttur vinnustaður með hæfu starfsfólki.

Markmið	Aðgerðir
Mannauður	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bókasafnið verði skipað vel menntuðu og samhentum starfsfólki með sérþekkingu og frumkvæði til að greiða leið notenda að því efni sem á þarf að halda hverju sinni</li> <li>• Hvatt verði til markvissrar símenntunar og starfsþróunar</li> </ul>
Gott starfsumhverfi og starfsandi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsmenn fái hvatningu og séð verði til þess að hver og einn fái notið sín</li> <li>• Samráð og upplýsingaflæði verði eflt</li> <li>• Endurskoðun verkferla og verklagsreglna</li> </ul>

## MARKAÐSSETNING

Að þjónusta bókasafnsins verði sýnilegri bæði innan Háskólans og út á við

Markmið	Aðgerðir
Aukið markaðsstarf	<ul style="list-style-type: none"><li>• Kostir skjáauglýsinga, vefsins og samskiptamiðla verði nýttir í þágu safnsins og til að vekja athygli á starfsemi þess</li><li>• Vefur safnsins verði þróaður í samræmi við nýja tíma og breyttar þarfir</li><li>• Vefurinn verði í auknum mæli nýttur fyrir leiðbeiningar og kynningar</li></ul>